



Fundargerð

83. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 4. maí 2018 kl. 13:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Halldór Halldórsson

Kópavogsbær:

Hreiðar Oddsson

Hafnarfjarðarbær:

Borghildur Sturludóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Ása Richardsdóttir og Steinþór Einarsson boðuðu forföll.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins ritaði fundargerð. Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. **Svæðisskipulagið Höfuðborgarsvæðið 2040: Breyting vegna Borgarlínu / málsnr. 1702003**

Staðfestingarferli breytingartillögu sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulagslaga.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins samþykkti þann 2. mars 2018 tillögu að breytingu á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040. Breytingin felst í að marka samgöngu- og þróunarása fyrir Borgarlínu á kort 2 og setja fram í greinargerð leiðbeinandi viðmiðun um uppbyggingu innan ásanna.

Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar ásamt fylgigögnum frá 29. nóvember 2017 til og með 17. janúar 2018 og bárust 21 athugasemd.

Helstu breytingar sem gerðar voru á auglýstri tillögu eru:

- Bætt er við umfjöllun í greinargerð um forsendur breytingarinnar.
- Skilgreind er á korti 2 tenging milli miðkjarnanna Smáralindar og Mjóddar sem saman mynda svæðiskjarna.

Sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu hafa samþykkt tillöguna og afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar sem hér segir:

Á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarness þann 21. mars 2018

Á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann 21. mars 2018

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 27. mars 2018

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 11. apríl 2018

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 17. apríl 2018

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar þann 3. maí 2018
Á fundi hreppsnefndar Kjósarhrepps þann 3. maí 2018.

Í samræmi við 3. mgr. 25 gr. skipulagslaga verður svæðisskipulagsbreytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Jafnframt verður niðurstaða nefndarinnar auglýst og þeir sem sendu inn athugasemdir við auglýsta tillögu upplýstir um viðbrögð og niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd fagnar því að nú hafi verið stigið stórt skref með samþykki allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin fagnar jafnframt þeim áformum ríkisins, sem birtast í ríkisstjórnarsáttmála og fjármálaáætlun, um að hefja viðræður við sveitarfélögin í ár um samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu.

- 2. Úttekt á rými innan svæðisskipulags undir athafna- og iðnaðarsvæði / málsnr. 1712001**
Samúel Torfi Pétursson sérfræðingur hjá VSÓ kynnti frumniðurstöður úttektar athafna- og iðnaðarsvæðum innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins.

Umræður.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar fyrir yfirgripsmikið yfirlit og leggur til við sveitarfélögin að kynna sér niðurstöður úttektarinnar. Nefndin telur jafnframt þörf að gerð verði samskonar úttekt á rými annars konar atvinnugreina s.s. verslunar og þjónustusvæðum.

- 3. Aðalskipulag Reykjavíkur: Afmörkun landnotkunar - Svæði fyrir samfélagsstofnanir / málsnr. 1802002**

Vinnslutillaga til umsagnar sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Um er að ræða smávægilega breytingu á skipulagsuppdrætti þar sem verið er að lagfæra ósamræmi í skipulagsuppdrætti þannig að landnotkunarreitir samfélagsstofnanna falli að lóðarmörkum.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd telur breytinguna ekki gefa tilefni til athugasemda nefndarinnar þar sem hún hefur ekki svæðisbundið vægi og er í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

- 4. Aðalskipulag Hafnarfjarðar: Breytt lega Ásvallabrautar og tenging við Kaldárselsveg / málsnr. 1801004**

Auglýst tillaga sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með breytingunni er verið að útfæra tengibraut innan Hafnarfjarðar sem liggur ekki yfir í önnur sveitarfélög. Ásvallabraut er ekki skilgreind sem stofnvegur í svæðisskipulagi.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillögudrögin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:30.